

Prófnúmer _____

Fjármunaréttur 8. Nóvember 2007

1. Krossar (20,0%)

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

1. Hver af eftirtöldum fullyrðingum er rétt?

- Kröfuréttur fjallar um kröfur sem borgarar geta gert til málsmeðferðar mála sinna fyrir stjórnvöldum*
- Sett lög frá Alþingi eru ein af réttarheimildum kröfuréttar*
- Munnlegir samningar eru almennt ekki jafngildir skriflegum samningum*
- Dómstólar geta ekki skorið úr um hvort krafa sé andstæð almennu velsæmi*

2. Hvaða orð vantar í eftirfarandi texta?

„Ógildingarástæða er _____ ef hún leiðir til ógildingar hvort sem sá sem vill byggja rétt á samningnum vissi um tilvist hennar eða ekki.“

- Veik*
- Sterk*

3. Hvaða orð vantar í eftirfarandi texta?

„ _____ eiga að gera kröfuhafa jafnt settan og samningur hefði aldrei verið gerður.“

- Vangildisbætur*
- Endurgreiðslur*
- Efndabætur*
- Afslættir*

4. Hvaða fullyrðing er röng?

- Hægt er að leita aðstoðar dómstóla við að verja og sækja kröfuréttindi*
- Gerhæfi er hæfileikinn til þess að ráðstafa réttindum sínum sjálfur og takast á hendur skuldbindingar á eigin spýtur*
- Skuldajöfnuði er aldrei hægt að lýsa yfir einhliða*
- Andlegt vanhæfi getur leitt til ógildingar á löggerningum*

5. Samningafrelsi skv. íslenskum samningarétti er?

- Frelsi til að velja sér gagnaðila við samningagerð*
- Frelsi til að ráða efni samnings*
- Frelsi til að ákveða hvort samningur skuli gerður eða ekki*
- Allt ofangreint*

6. Stjórnunarábyrgð er?

- Þegar vinnuveitandi ber hlutlæga ábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur við framkvæmd starfa hans
- Sú regla að seljandi ber skaðabótaábyrgð vegna galla nema seljandi geti sýnt fram á að gallann megi rekja til atvika (hindrunar) sem hann fékk ekki ráðið við og hann gat ekki séð fyrir við samningsgerðina og ekki er unnt að ætlast til þess að seljandi geti sigrast á aðstæðunum
- Þegar vinnuveitandi hefur sýnt af sér sök í þjálfun eða eftirliti með starfsmanni sínum
- Þegar stjórnandi hættulegs tækis ber hlutlæga ábyrgð á tjóni sem hann veldur við stjórnun tækisins

7. Hvaða fullyrðing er rétt?

- Skuldaraskipti eiga sér almennt stað án samþykkis kröfuhafa
- Kröfuhafi getur almennt framselt kröfu sína án samþykkis skuldara
- Ekki er hægt að framselja kröfu þegar um er að ræða gagnkvæmt samnings-samband nema hinn nýji kröfuhafi (framsalshafi) taki að sér að efna allar skuldbindingar gamla kröfuhafans (framseljanda)

8. Hvaða fullyrðing er rétt?

- Kröfuhafa er almennt heimilt að neita viðtöku greiðslu ef skuldari greiðir með fyrirvara um lögmæti kröfunnar
- Fullnaðarkvittun útgefin af kröfuhafa vegna ákveðinnar kröfu við greiðslu líkur almennt þeirri kröfu gagnvart skuldara
- Ef enginn fyrirvari er gerður við greiðslu á kröfu getur skuldari ekki síðar krafist endurgreiðslu á greiðslunni ef krafan reynist síðar hafa verið ólögmæt
- Fyrirvara er ekki hægt að gera munnlega

2. Raunhæft verkefni (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

S selur K alla hluti sína í Y hf. S átti fyrir kaupin 5% eignarhlut en K átti 95% eignarhlut. Kaupverðið miðaðist við að heildarverðmæti Y hf. væri 1 milljón króna og fékk S 50 þúsund krónur fyrir sinn eignarhlut í samræmi við samning aðila þar um. Takið afstöðu til eftirfarandi álitaefna:

1. Ef í ljós kæmi að heildarverðmæti félagsins hefði sannanlega verið umtalsvert hærra á kaupsamningsdegi, og um leið talið að S hefði átt að fá umtalsvert hærra verð fyrir sinn hlut, gæti S hugsanlega byggt á því að K hefði vanefnt samning aðila og beitt vanefndaúrræðum kröfuréttar?

- Já
- Nei

2. Ef í ljós kæmi að heildarverðmæti félagsins hefði sannanlega verið umtalsvert hærra á kaupsamningsdegi, og um leið talið að S hefði átt að fá umtalsvert hærra verð fyrir sinn hlut, gæti S hugsanlega byggt á meginreglum samningaréttar um brostnar forsendur?

- Já
- Nei

3. Ef í ljós kæmi að heildarverðmæti félagsins hefði verið 1 milljón króna á kaupsamningsdegi, þ.e. í samræmi við það sem aðilar hefðu samið um, en vegna ófyrirséðrar lagabreytingar nokkrum dögum síðar hækkaði verðið um 300%, þ.e. eftir að samningurinn er gerður og efndur, myndi það útiloka möguleika S á að beita ógildingarreglum samningaréttar?

- Já
- Nei

4. Ef verð eignarhluta S yrði talið hafa verið of hátt, en ekki of lágt, gæti K hugsanlega reynt að byggja á vanefndaúrræðum kröfuréttar?

- Já
- Nei

3. Raunhæft verkefni (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

S selur K bifreið og er kaupverð bifreiðarinnar 1 milljón króna. K var raunar að gera "kjarakaup" þar sem sannanlegt markaðsvirði bifreiðarinnar var 1,5 milljón króna, þ.e. ógallaðrar bifreiðar svo sem báðir aðilar töldu hana vera. Stuttu eftir kaupin kemur í ljós að bifreiðin er haldin verulegum göllum, sem voru jafnframt til staðar á tímamarki kaupsamnings. Takið afstöðu til eftirfarandi álitaefna:

1. Getur það haft sérstaka fjárhagslega þýðingu fyrir K hvort hann láti kaupin ganga til baka (rifti) eða krefjist svokallaðra efndabóta?

- Já
- Nei

2. Getur það haft sérstaka fjárhagslega þýðingu fyrir K hvort hann krefjist efndabóta frekar en svokallaðra vangildisbóta?

- Já
- Nei

3. Gæti K, ef hann krefðist ógildingar samningsins samkvæmt ógildingarreglum samningaréttar, samfara krafist svokallaðra efndabóta?

- Já
- Nei

4. Ef sannanlegt markaðsverð ógallaðrar bifreiðar á tímamarki kaupsamningsins hefði verið 500 þúsund krónur, en áætlaður viðgerðarkostnaður vegna gallanna væri 250 þúsund krónur, og kaupverðið hefði verið 1 milljón króna, gæti það haft sérstaka fjárhagslega þýðingu fyrir K hvort hann léti kaupin ganga til baka (rifti) frekar en að krefjast skaðabóta í formi viðgerðarkostnaðar?

- Já
- Nei

4. Raunhæft verkefni (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

K fær S til að gera við pípulagnirnar heima hjá sér. K og S semja, munnlega, um að K muni greiða S 100 þúsund krónur fyrir þessa þjónustu. Nokkru seinna fær K reikning í pósti frá Y þar sem stendur meðal annars: „Reikningur fyrir pípulagningar, samkvæmt samningi K og S, reikningur framseldur Y. “ Takið afstöðu til eftirfarandi álitæfna:

1. Getur Y, gegn mótmælum K, krafist K um greiðslu reikningsins?

- Já
- Nei

2. Ef reikningurinn sem Y gerir K er 150 þúsund krónur, gæti K borið því við gegn Y að umsamið verð þjónustunnar samkvæmt samningi K og S hefði verið 100 þúsund krónur, ef Y væri grandlaus um þetta, þ.e. ef S hefði sagt við Y að verðmæti kröfunnar væri 150 þúsund krónur?

- Já
- Nei

3. Ef K myndi semja við X um að hann greiddi Y kröfuna, og tilkynnti Y sannanlega um þetta, gæti Y beint kröfunni áfram að K?

- Já
- Nei

4. Ef K ætti gagnkröfu á hendur S vegna þjónustunnar, að fjárhæð 50 þúsund krónur, gæti hann borið þeirri kröfu við gagnvart Y?

- Já
- Nei

5. Raunhæft verkefni (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.

K kaupir hlutabréf í Y hf., sem er skráð á aðallista kauphallarinnar, af S. Skömmu eftir kaupin kemur í ljós að X (óskyldur aðili) hafði beitt svokallaðri „markaðsmisnotkun“ á tímamarki kaupanna, sem hafði jafnframt áhrif á verð bréfanna í Y hf., sem leiddi aftur til þess að verð það sem K greiddi fyrir bréfin endurspeglaði ekki raunverulegt virði þeirra. Takið afstöðu til eftirfarandi álitaefna:

1. Getur K beitt ógildingarreglum samningaréttar eða vanefndaúrræðum kröfuréttar gagnvart X?

- Já
 Nei

2. Getur K hugsanlega beitt almennum skaðabótareglum gagnvart X?

- Já
 Nei

3. Getur K hugsanlega beitt ógildingarreglum samningaréttar gagnvart S?

- Já
 Nei

4. Ef K gæti beitt almennum skaðabótareglum gagnvart X gæti tjón K verið mismunur kaupverðs og raunvirðis á kaupsamningsdegi?

- Já
 Nei

6. Ritgerð (10,0%)

Gerið grein fyrir eftirfarandi:

- Hugtökunum sök, orsakatengslum og sennilegri afleiðingu samkvæmt almennum skaðabótareglunni (5%)
- Hugtakinu krafa í skilningi kröfuréttar (5%)